
safns

né hvernig það skuli meðtekið af hverjum einstökum. Sólin er hér guðdómurinn, og manneskjan afkvæmi sólarinnar í allri sinni fjöl breytni, mismunandi hugsunarhætti og litarafti.

Frá heimkomu sinni og fram til 1916 bjó Ásgrímur í húsinu Vinaminni við Mjóstræti, í rúmgóðum salarkynnum þar sem hann þurfti engar áhyggjur að hafa vegna stærðar málverka sinna. Hér málar hann m.a. hina miklu Heklumynd sína er hann lauk við árið 1909, og fyrst mun sú mynd hafa verið sýnd á fyrstu íslenzku myndlistarsýningunni í



Sjálfsmynd Ásgríms frá um 1940



Flugumýrarbrenna (1918)



yndir gerðar á heilsuhæli Reichenhall Efra Bæheimi 1939

Kristianíu (Osló) árið 1910, sem Bjarni frá Vogi stóð að og haldin var í sýningarsölum Blomqist þar í borg.

Hinn nafntogaði norski málari og áhrifavaldur Cristian Krogh, fór miklum viðurkenningarorðum um myndina, „taldi Ásgrím hafa náð slíkum mikilleika og víðáttu inn í myndina, að menn fyndi til smæðar sinnar andspænis henni. Hann þykist hins vegar mega ráða það af myndum Ásgríms, að vatnslitir muni henta túlkun hans betur en olíulitir, því að það sé hin tæra áferð og ljósa teikning sem hann stefndi auðsjáanlega að“.. Hér mælir sá er vissi hvað hann sagði og var óhræddur að styðja við bak þeirra yngri, m.a. varð hann fyrstur norskra gagnrýnenda ásamt Jens Thiis til að taka upp hanskann fyrir Edward Munch á þeirri tíð, er til uppsláttar þótti að rakka hann niður.

Það er merkilegt og vert til umhugsunar, að tveir umdeildustu og frægustu gagnrýnendur Dana og Norðmanna á þessum tímum, skyldu skrifa öllum öðrum réttar og vinsamlegar um list þessa brautryðjanda okkar — (í Danmörku var það Emil Hannover).

Ég fæ ekki betur séð en að Krogh hafi hér skyggnst djúpt því að frábærari vatnslitamyndamálara en Ásgrím Jónsson hafa Íslendingar naumast eignast, og það voru einmitt slíkar myndir er Ásgrímur gerði á fyrstu áratugum aldarinnar, sem trúlega mun lengst geyma nafn hans. Það var einnig Cristian Krogh sem var höfundur hins nafntogaða orðaleiks. — „Öll þjóðleg list er léleg. — Öll góð list er þjóðleg. („All nasjonal kunst er dårlig. All god kunst er nasjonal“). Setningin á einnig mjög vel við Ásgrím og íslenzka brautryðjendur, með því að list þeirra er öðru fremur íslenzkt landslag byggt upp á evrópskri málarahefð og persónulegri skynjun.

Hin létt- og þunntmálaða mynd sem ber nafnið „Frá Hornafirði. — Bærinn Stóra Lág“ máluð 1912, sem mér þykir ein fegursta mynd sýningarinnar, hefur yfir sér blæ vatnslitamyndatækni. Af vatnslitamyndunum vil ég hér nefna hinar tvær myndir af Strút og Húsafellsskógur“, málaðar 1915 og 1918, og af mikilli artistískri kennd. Þá vil ég einnig benda á myndina „Flugumýrarbrenna“ (Úr Sturlungu), sem er máluð 1918, og gæti verið máluð af einum hinna yngri málara í dag, og ég tel að þessi mynd hafi haft mikil áhrif á aðra listamenn. Margt mynda í kaffisal hafa yfir sér hina tæru birtu vatnslitamyndanna og lífga upp þetta annars nöturlega svið hússins.

Hinar litsterku myndir frá Húsafellsskógi bera augað ofurliði við fyrstu sýn, en skýrast smám saman og myndu njóta sín öllu betur hefðu þær hlotið meira veggrými og verið færri. Af myndunum „Flótti undan eldgosi“ (1945—50) þykir mér mynd nr. 42 bera af olíumyndunum, og hinar tvær vatnslitamyndir eru báðar gullfallegar. Annars veit ég að myndir mjög sterkra lita mildast og dýpka með árunum og það munu hinar litsterku olíumyndir Ásgríms vafalaust eiga eftir að gera.

Upptalning mynda á jafn viðamikilli sýningu þjónar takmörkuðum tilgangi, en ég vil að fram komi að þetta er að mínum dómi bæði mikil og fögur sýning, sem fólk má ekki fara á mis við, og helst skoða oftar en einu sinni þar sem bið verður á að jafn yfirgripsmikið safn mynda eftir Ásgrím verði til sýnis.

Eigi má fyrnast sú menningarvakning sem fylgdi sýningum Ásgríms Jónssonar í eina tíð, né sú virðing er hann naut meðal borgarbúa sem fögnuðu hinum árvissu páskasýningum hans. Ásgrímur hlaut snemma verðskuldaða viðurkenningu. Þjóðin mat og virti þennan son sinn frá fyrstu tíð og minnist hans nú með þökk og virðingu.

Ber að þakka öllum þeim er lögðu hönd að þessari Ásgrímssýningu og þá fyrst og fremst frú Bjarnveigu Bjarnadóttur frændkonu listamannsins, svo og Borgarstjórn Reykjavíkur, sem stóð hér virðulega að málum.

Bragi Ásgeirsson.

SÁLUMESSAN


Tónlist

eftir EGIL FRIÐLEIFSSON

- ☐ **Háskólabíó 8. apríl**
- ☐ **Flytjendur: Söngsveitin Fílharmónía, Sinfóníuhljómsveit Íslands.**
- ☐ **Söngstjóri: Jón Ásgeirsson**
- ☐ **Stjórnandi: Karsten Andersen**
- ☐ **Einsöngvarar: Frödis Klausbergir, Rut L. Magnússon, Magnús Jónsson, Guðmundur Jónsson.**
- ☐ **Efnisskrá: Giuseppe Verdi, Requiem**

Það telst jafnan til meiriháttar tónlistarviðburða þegar söngsveitin Fílharmónía kemur fram, en á fimmtudagskvöldið flutti hún, ásamt sinfóníuhljómsveitinni og einsöngvurum, sálumessu Verdis. Lætur Söngsveitin skammt stórra högga á milli, því fyrr í vetur flutti sveitin Carmina Burana eftir Carl Orff. Ber það vott um mikla fagrósku og dugnað að flytja tvö svo viðamikil verk sama misserið. Raunar er sálumessan gamall kunningi, því Söngsveitin flutti þetta verk fyrir réttum átta árum á eftirminnilegan hátt. Vekur það nokkra undrun, að þetta verk skuli valið til flutnings nú, þegar svo mörg önnur liggja óhreyfð, sem aldrei hafa hljómað hérlendis. En hvað sem um það má segja, stendur sú staðreynd eftir, að sálumessa Verids er stórfallegt verk, sem fengur er í að heyra. Þegar verkið var fyrst flutt hér á sínum tíma, voru því gerð greinargóð skil í þessu blaði ef ég man rétt, og skal það ekki endurtekið. Á það skal aðeins minnst að Verdi samdi sálumessuna til minningar um þjóðskáld Ítala, Alessandro Manzoni, og var frumflutt árið 1874.—

Framtak Fílharmóníukórsins er lofsvert og frammistaða hans var góð á fimmtudagskvöldið. Hins vegar virðist liggja í loftinu að mun meiru mætti ná út úr svo stórum og góðum kór. Sú skoðun hefur áður komið fram á þessum vetvangi og skal ítrekuð nú, að ekki virðist vænlegast til árangurs fyrir kórinn að ráða sérstakan æfingastjóra, en síðan taki aðalstjórnandi sinfóníuhljómsveitarinnar við viku fyrir konsert. Hér er ekki við æfingastjórann Jón Ásgeirsson að sakast, — þvert á móti hefur hann unnið mjög gott starf. Kórinn kunni hlutverk sitt með ágætum. Hins vegar virðist Karsten Andersen ekki megna að vera sú kveikja, sem til þarf til að þetta mikla apparat — hljómsveitin og kórinn — virki rétt, hvorki nú né áður. Það verður að segjast eins og er, að þetta tónleikaár hefur ekki verið Andersen hagstætt hvað listrænan árangur snertir þegar á heildina er litið — langt því frá. Nú hefur spurst að búið sé að ráða hann



Karsten Andersen

sem aðalstjórnanda sinfóníunnar fyrir næsta ár einnig. Undirritaður er á móti þeirri endurráðningu og þykist eiga sér marga skoðanabræður. Það er engri hljómsveit hollt að sitja of lengi uppi með sama stjórnandann. Slíkt býður aðeins upp á stöðnun og afturför. Þetta er ekki sagt Karsten Andersen til lasts. Hér er ekki verið að draga í efa þekkingu hans eða kasta rýrð á dýrmæta reynslu hans. Áreiðanlega er hann á margan hátt mikilhæfur tónlistarmaður sem mörgu jákvæðu hefur til leiðar komið, og skal það ekki vanþakkað, þó í bili sé hann ekki á réttri hillu. Jafn vel nú, þegar hann fær í hendurnar fílefldan fullæfðan góðan kór er árangurinn engan veginn eins og vonir stóðu til. Flutningur sálumessunnar var í heild áferðarsnotur og hnökralítill en vantaði alla snerpu og tjáningargleði af hálfu stjórnandans. Hann stýrði liði sínu af öryggi og kunnáttu en að öðru leyti hlutlaust og þreytulega. Því miður setti það nokkuð mark sitt á heildarblæinn. Einsöngvararnir allir gerðu hlutverkum sínum hin ágætustu skil. Með sópranhlutverkið fór norska söngkonan Fröydis Klausberger. Rödd hennar er falleg og vel öguð, og hún söng af smekkvísi. En okkar ágætu landar gáfu henni ekkert eftir. Þau Rut L. Magnússon, Magnús Jónsson og Guðmundur Jónsson sungu af sínu alkunna öryggi og listræna þokka.

Leikur hljómsveitarinnar var fremur daufur og þreytulegur. Þó brá víða við laglega gerðum hlutum. Þannig eiga t.d. blásararnir hrós skilið fyrir ágæta frammistöðu í „Tuba Mirum“-þættinum.



Ínúk til Suður- og Mið-Ameríku

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ hefur þegið boð um leikför með Inúk til nokkurra landa í Mið- og Suður-Ameríku, og heldur hópurinn í þess ferð 19. apríl n.k. Stendur ferðin í um það bil mánaðartíma.

Fyrst sýnir hópurinn á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Caracas í Venezuela, 6 — 8 sýningar, en hátíð þessi er haldin á vegum Alþjóðaleikhúsmálastofnunarinnar í tengslum við þing hennar, þar sem fjalla á um leiklist og vandamál þriðja heimsins.

Inúk verður einnig sýndur í nokkrum öðrum borgum Venezuela, en síðan verða sýning-

Framhald á bls. 22